



## Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2021


### HJÚK1AG05

<b>Kennari</b>	Sigríður Rós Jónatansdóttir: sigridur.jonatansdottir@fss.is
<b>Viðtalstími</b>	Mánudagur kl: 13:05-14:00 samkvæmt samkomulagi
<b>Námsefni</b>	Hjúkrun 1.þrep, Iðnú og annað efni frá kennara
<b>Áfangalýsing</b>	Í áfanganum er fjallað um sögu og hugmyndafræði hjúkrunar. Kynnt eru lög og reglugerðir sem lúta að heilbrigðisþjónustu á Íslandi, siðareglur sjúkraliða og hvað felst í hugtakinu fagmennska. Fjallað er um umhyggjuhugtakið, andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir skjólstæðinga. Fjallað er um þætti sem hafa áhrif á líðan og breytingar á líkamsstarfsemi. Auk þess er fjallað um umönnum sjúklinga og þætti sem hafa áhrif á sjálfsumönnun

<b>Námsmat og vægi námsmatsþátta</b>	Til að ná áfanga þarf að ná <b>4,5</b> úr lokaprófi til að fá vinnueinkunn metna. <u>Að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum</u> getur nemandi áunnið sér rétt til að láta vinnueinkunn gilda sem lokaeinkunn í áfanganum: <b>Færri en 10 fjarvistir í raunmætingu og vetrareinkunn 7,5 eða hærri. Einnig að nemendur standi skil á öllum verkefnum/prófum sem getið er í áætlun þessari sem og tímaverkefnum</b>		
	<b>Símatsáfangi</b> <input type="checkbox"/>	<b>Lokapróf</b> <input type="checkbox"/>	<b>Sleppikerfi</b> <input checked="" type="checkbox"/>
	<b>Heiti</b>		<b>Vægi</b>
	Tímaverkefni		5%
	2 Kaflapróf 15% hvort		30%
	4 Moodle próf 5% hvort		15%
	Lokapróf		50%

<b>Reglur áfanga</b>	<b>Slökkt skal vera á farsínum í kennslustund!</b>
----------------------	--

<b>Annað sem kennari vill láta koma fram</b>	Þessi áfangi er kenndur samhliða áfanganum HJVG1VG05
--	--

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sögu og þróun hjúkrunar og þeirri hugmyndafræði sem hjúkrunarstörf byggjast á</li> <li>• helstu skipulagsformum hjúkrunar</li> <li>• umhyggjuhugtakinu</li> <li>• siðareglum sjúkraliða</li> <li>• réttindum skjólstæðinga skv. lögum</li> <li>• mikilvægi skráninga og athugana í hjúkrun</li> <li>• grunnþörfum mannsins og frávikum frá þeim</li> <li>• mikilvægis svefnis og hvíldar</li> <li>• áhrifum verkja á skjólstæðing</li> <li>• fylgikvillum rúmlegunnar</li> <li>• nánasta umhverfi skjólstæðings.</li> </ul>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tengja sögu og hugmyndafræði hjúkrunar við hjúkrunarstörf</li> <li>• geta útskýrt tengsl andlegs, líkamlegs og félagslegs ástands skjólstæðings við hjúkrunarþarfir hans</li> <li>• taka á móti skjólstæðingi á faglegan hátt</li> <li>• gera grein fyrir ábyrgð sjúkraliða í hjúkrun</li> <li>• eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við skjólstæðinga og samstarfsfólk</li> <li>• sýna fagmennsku í orði og verki.</li> </ul>
	
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• miðla sögu og hugmyndafræði hjúkrunar</li> <li>• rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar í samskiptum við skjólstæðing</li> <li>• tjá sig um andlegar, líkamlegar- og félagslegar þarfir skjólstæðinga</li> <li>• skrá niðurstöður athugana og mælinga á viðurkenndan hátt</li> <li>• fylgja leiðbeiningum í þeim tilgangi að bæta líðan skjólstæðings</li> <li>• útskýra mikilvægi þess að umgangast nánasta umhverfi skjólstæðings af virðingu</li> <li>• fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegunnar</li> <li>• taka þátt í samræðum um líðan skjólstæðings.</li> <li>• sýna faglega umhyggju</li> </ul>	

Vinnuáætlun - Dæmi með lokaprófi		
<b>Tímasókn</b>	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
<b>Heimavinna</b>	15 vikur x 2 klst.	30 klst.
<b>Undirbúningur f. kaflapróf</b>	3 x 2 klst.	6 klst.
<b>Undirbúningur f. lokapróf</b>	12 klst.	12 klst.
<b>Lokapróf</b>	2 klst.	2 klst.
<b>Alls</b>		<b>110 klst. = 5 feín*</b>

*Virðing, samvinna og árangur*

<b>Kennsluvikur</b>	<b>Áætluð yfirferð námsefnis</b>	<b>Skil á verkefnum</b>
<b>1. vika</b> 20. - 27. ágúst	1. kafli frá heimilum til hátækisjúkrahúsa	
<b>2. vika</b> 30. ágúst - 3. september	2. kafli umönnun og sjálfsumönnun	
<b>3. vika</b> 6. - 10. september	3. kafli þarfir	Moodlepróf 1 10. september
<b>4. vika</b> 13. - 17. september	4. kafli skilningarvitin	
<b>5. vika</b> 20. - 24. september	5. kafli húðin	
<b>6. vika</b> 27. sept. - 1. október	6. kafli hreyfing	Moodlepróf 2 1. október
<b>7. vika</b> 4. - 8. október	7. kafli öndun og 19. kafli skráning	
<b>8. vika</b> 11. - 15. október	8. kafli hjarta- og æðakerfi	
<b>9. vika</b> 18. - 22. október <i>Vetrarleyfi 18. og 19. okt.</i>	9. kafli vökvi	Kaflapróf I 21. okt
<b>10. vika</b> 25. - 29. október	10. kafli melting	Moodlepróf 3 29. október
<b>11. vika</b> 1. - 5. nóvember	11. kafli þvaglát	
<b>12. vika</b> 8. - 12. nóvember	12. kafli- svefn og 13. kafli-verkir	
<b>13. vika</b> 15. - 19. nóvember	14. kafli líkamshiti	
<b>14. vika</b> 22. - 26. nóvember	15. kafli líknameðferð og 16. kafli samskipti	Moodlepróf 4 26. nóvember
<b>15. vika</b> 29. nóv. - 3. desember	17. kafli norm, gildi og siðfræði og 18. kafli samstarf	Kaflapróf II 2. des

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Sigríður Rós Jónatansdóttir*